

Kemis ehf.
Breiðhöfða 15
110 Reykjavík

Reykjavík, 21. febrúar 2020
UST201904-061/Í.S.B.
07.05.02

Niðurstöður eftirlits með flokkun, merkingum, umbúðum, öryggisblöðum og skráningu hættulegra efnablandna sem framleiddar eru hér á landi.

Þann 23. september 2019 fór Umhverfisstofnun í eftirlit til Kemis ehf., Breiðhöfða 15, með efnavörum framleiddum hér á landi, til að athuga hvort þær uppfylli kröfur efnalaga nr. 61/2013.

Skoðaðar voru vörur með hliðsjón af ákvæðum reglugerðar nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna (CLP), reglugerðar nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH) og reglugerðar nr. 300/2014 um þvotta- og hreinsiefni ef vörurnar féllu undir þá reglugerð.

Eftirfarandi vörur voru í úrtaki eftirlitsins:

Vara	Strikamerki
KCT Steypuhraðari Frostvari 20L og 1000L	Ekki til staðar
KCN Steypuhraðari 20L og 1000L	Ekki til staðar

Eftirlit leiddi í ljós að hvorug varan uppfyllir að fullu skilyrði efnalaga nr. 61/2013, reglugerðar nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna, sem innleiðir reglugerð (EB) nr. 1272/2008 sama efnis og reglugerðar nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH) sem innleiðir reglugerð (EB) nr. 1907/2006 sama efnis.

Um kröfur til merkinga, umbúða, öryggisblaða og annars sem féll undir umfang eftirlitsins og þau frávik frá tédum kröfum sem eftirlitið leiddi í ljós vísast til meðfylgjandi eftirlitsskýrslu.

Umhverfisstofnun veitir Kemis ehf. frest til 13. mars 2020 til að senda stofnuninni eftirfarandi varðandi vörurnar:

- Uppfærða merkimiða í samræmi við reglugerð nr. 415/2014 sem innleiðir reglugerð (EB) nr. 1272/2008 (próförk sem staðfestir jafnframt rétta stærð hættumerkja).
- Öryggisblöð uppfærð þannig að þau standist kröfur reglugerðar nr. 888/2015 sem innleiðir reglugerð (EB) nr. 1907/2006.

Úrbætur skulu sendar Umhverfisstofnun merktar málsnúmerinu UST201904-061. Rafræn skjöl sendist á ust@ust.is.

Umhverfisstofnun veitir Kemis ehf. hér með frest til 13. mars nk. til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, sbr. 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Vakin er athygli á því að í samræmi við 5. mgr. 49. gr. efnalaga mun Umhverfisstofnun birta á vefsetri sínu upplýsingar um niðurstöður eftirlits og til hvaða úrræða stofnunin hefur gripið jafnóðum og ákvarðanir um slíkt liggja fyrir. Bréf þetta og meðfylgjandi eftirlitsskýrsla verða birt á vefsetri stofnunarinnar 28. febrúar nk. Telji fyrirtækið að efni í bréfinu eða eftirlitsskýrslunni varði hagsmuni sem njóta eigi leyndar skal fyrirtækið tilkynna um það til Umhverfisstofnunar með rökstuðningi fyrir 28. febrúar nk.

Umhverfisstofnun veur athygli á því að þótt aðeins séu gerðar kröfur varðandi þessar tilteknu vörur gæti verið þörf á úrbótum varðandi fleiri vörur hjá fyrirtækinu til að þær standist kröfur efnalaga eða reglugerða settra á grundvelli þeirra.

Umhverfisstofnun veur einnig athygli á því að samkvæmt XIII. kafla efnalaga er stofnuninni heimilt að beita þvingunarúrræðum til að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar samkvæmt lögnum, til að mynda með áminningu sbr. 55. gr., álagningu dagsekta sbr. 56. gr. og stöðvun markaðssetningar sbr. 57. og 58. gr.

Jafnframt er vakin athygli á því að samkvæmt gjaldskrá fyrir verkefni og þjónustu Umhverfisstofnunar nr. 535/2015 innheimtir stofnunin tímagjald vegna eftirfylgni eftirlits og beitingar þvingunarúrræða, sbr. 30 gr. gjaldskrárinnar. Komi ekki til frekari eftirfylgni eða beitingar þvingunarúrræða í þessu máli verður ekkert gjald innheimt.

Upplýsingar um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna á heimasíðu Umhverfisstofnunar¹. Kröfur um form og innihald öryggisblaða er að finna í viðauka við reglugerð (ESB) 2015/830².

Fyrirtækinu er velkomið að leita til sérfræðinga stofnunarinnar, Einars Oddssonar, til að fá nánari upplýsingar um flokkun, merkingar og umbúðir og Ísaks Sigurjóns Bragasonar um skyldur varðandi öryggisblöð og skráningar, í síma 591-2000 eða í gegnum netföngin ainar.oddsson@ust.is og isak.bragason@ust.is.

Virðingarfyllt,



Einar Oddsson
Sérfræðingur



Ísak Sigurjón Bragason
Sérfræðingur

Meðfylgjandi: Eftirlitsskýrsla

¹ <https://ust.is/atvinnulif/efni/flokkun-og-merking/>

² <https://www.efta.int/sites/default/files/documents/legal-texts/eea/other-legal-documents/translated-acts/icelandic/i32015R0830.pdf>